



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 4. tbl. 14. árg

Mars, apríl og fram í maí 2025

Komið þið öll sæl og blessuð!

Árið 2025 er nú gengið í garð, nemendastýrð viðtöl komin og farin og framundan er marsmánuður. Í skólanum hefur allt gengið sinn vanangang og næst á dagskránni er vetrarfrí í grunnskólum Akureyrarbæjar.

Áhersla skólaársins í Glerárskóla er á leiðsagnarnám, jákvæðan aga, læsi, samskipti, Erasmus+ verkefni og eflingu hvers nemanda.

Hluti af þeirri eflingu eru einmitt nemendastýrðu viðtölin auk þess sem nemendaráð er nú í fyrsta sinn valgrein þar sem nemendur kynnast ýmsum hliðum félagsstarfs og formennsku. Við höldum ótrauð áfram við að hvetja nemendur til að taka meiri ábyrgð á eigin námi og efla frumkvæði þeirra.

Það er margt framundan og má þar nefna ferð í Hlíðarfjall (vonandi 12. mars) að ógleymdri sjálfri árshátíð skólans. Þar utan eru þemadagar í maí og hefðbundið skólustarf sem einkennist af fjölbreyttum lærdómi, margskonar kennsluháttum, gleði, áskorunum og uppskeru.

Skólinn okkar hefur á síðustu árum tekið miklum stakkaskiptum hvað varðar húsnæði. Allt kennslurými er nú eitt það besta sem völ er á og í vinnslu er skipulagning á hluta skólalóðar sem er spennandi verkefni sem nemendur, foreldrafélagið og starfsfólk kemur að.

Við getum verið stolt og glöð af skólanum okkar og umhverfi hans enda er hann ekki bara fallegur heldur er innihaldið ríkt af góðum starfsháttum sem einkennast af fagmennsku starfsfólks, samstöðu og umhyggju fyrir öllum okkar mögnum nemendum. Berum út boðskapinn og tölum vel um skólann okkar allra.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel, fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega auk pósta frá kennurum.

Með kærri kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Tómasi og Hrafnhildi

Vetrarfrí og stuttur dagur

Þriðjudaginn 4. mars n.k. er uppbrotsdagur og skóli til kl. 12:00 en þá opnar frístund fyrir nemendur.

Dagana 5. - 7. mars er vetrarfrí í Glerárskóla og því er enginn skóli þá daga en frístund er opin frá 13:00 - 16:15 fyrir skráða nemendur.





Upphátt - Lestrarkeppni grunnskólanna á Akureyri

Upphátt, upplestrarkeppni 7. bekkjar grunnskólanna á Akureyri fer fram í Hofi, þriðjudaginn 18. mars 2022 kl. 14:30.

Forval innan Glerárskóla fer fram þann 26. febrúar komandi.



Viska er fyrst og fremst heiðarlega hugsun!

Höf: Pam Brown

Sniðugir dagar í boði nemendaráðs

- | | |
|-----------|--|
| 21. mars: | Litríkir, skræpóttir sokkar - Downs dagurinn |
| 2. apríl: | Blár dagur -Dagur einhverfunnar |
| 9. maí: | Hattadagur |



Erasmus+ NoOneOut Danmörk

Sunnudaginn 9. mars 2025 fer fríður og föngulegur hópur frá Glerárskóla í Erasmus+ ferð til Danmerkur nánar tiltekið, til Hilleröd. Tveir kennarar og fjórir nemendur úr 10. bekk leggja í hann þennan sunnudag og koma til baka föstudaginn 14. mars. Þetta verður hin mesti lærdómur og án efa afar skemmtilegt. Við óskum þeim góðrar ferðar og hlökkum til að fá ferðasöguna þegar þau koma heim.



Glerárskóli í Hlíðarfjall

Miðvikudaginn 12. mars er áætluð ferð Glerárskóla í Hlíðarfjall. Skráningar fara nú fram og ætti allt að vera tilbúið fyrir vetrarfrí. Í vikunni eftir vetrarfríð verður síðan að öllum vonum farið í Fjallið en við munum láta vita um leið og ljóst er hvort það verður hægt eða ekki.

Þeir nemendur í 5. - 10. bekk sem **eiga ekki** búnað, geta fengið hann að láni í Hlíðarfjalli en ekki verður hægt að lána nemendum í 1. - 4. bekk búnað né þeim sem eiga búnað heima.

Mætingar í skólann verða sem hér segir:

1. - 4. bekkur:

Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka kl 11:35, þá er matur og skóla lýkur kl. 12:00 en þá opnar Frístund fyrir skráða nemendur.

5. - 7. bekkur:

Mæting í skóla kl. 8:15. Komið til baka kl. 11:15 þá er matur og skóla lýkur kl. 12:00.

8. - 10. bekkur:





Mæting í skóla kl. 8:30. Komið til baka 12:00 þá er matur og skóla lokið.

Valgreinar verða eftir hádegi.

Við minnum einnig á að nemendur verða að koma vel klæddir eftir veðri til útiveru allan morguninn og muna eftir nesti.

Nánari upplýsingar verða sendar í tölvupósti þegar nær dregur.

Árshátíð Glerárskóla 2024-2025



Víkuna 7. - 11. apríl 2025 verður mikið um að vera í Glerárskóla eins og lög gera ráð fyrir. Árshátíðin okkar hefur frá upphafi verið þekkt fyrir glæsileika og engin undantekning verður á því þetta árið.

Nemendur í 9. bekk hafa þegar byrjað æfingar á leikverki hátíðarinnar og aðrir bekkir fara brátt að huga að sínum atriðum. Sýningar verða líkt og venjulega á miðvikudegi og fimmtudegi en á fimmtudagseftirmiðdag og kvöldi verða árshátíðarböll nemenda.

Allt skipulag við árshátíðina er ígrundað í þaula og allir nemendur og starfsmenn koma að henni á einhvern hátt. Í Glerárskóla setjum við upp glæsilega aðstöðu í íþróttahúsi til sýninga og til þess þarf margar hendur.

En það er ekki einvörðungu leiklistin sem fær að njóta sín þessa daga. Glerárskóli vill standa fyrir öflugum list- og verkgreinum auk alls þess sem bóklegar greinar og hreyfing leggja áherslu á. Þess vegna er alltaf ljóðasamkeppni og myndlistarsamkeppni í tengslum við árshátíðina auk þess sem við krýnum íþróttafólk ársins á þessum dögum. Listaverk nemenda eru síðan til sýnis á árshátíðardögum. Árshátíðardagarnir eru því stór hluti af skólasýn Glerárskóla: HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Nánari upplýsingar verða sendar í sér pósti til forráðamanna þegar nær dregur.

Helstu atburðir í mars, apríl, maí og júní 2025

Mars 2025	
4. mars	Uppbrotsdagur - skóli til kl. 12:00 - Frístund opin
5.- 7. mars	Vetrarfrí - nemendur í skólafrí en Frístund opin frá 13-16:15 fyrir skráða
9.-14.mars	Ersamus+ ferð 4 nemenda og 2 kennara til Danmerkur
12. mars	Glerárskóli fer að vonum í Hlíðarfjall
Apríl 2025	
7. - 11. apríl	Árshátíðarvika
12.-21.apríl	Páskafrí
22. apríl	Skóli hefst skv. stundaskrá eftir páskafrí
24. apríl	Sumardagurinn fyrsti - skólafrí



Maí 2025	
14. maí	Skipulagsdagur - skólafrí nemenda - Frístund lokuð
15. og 16. maí	Þemadagar - skóli til kl. 12:00 - Frístund opin
20.-23. maí	UFA keppni í Boganum fyrir 4.- 7.bekk grunnskólanna á Akureyri
21. - 23. maí	10.bekkur í skólaferðalagi
Júní 2025	
3. - 4. júní	Uppbrotsdagar - skóli til 13:15 hjá öllum - Frístund opin fyrir skráða nem.
5. júní	Skólaslit

Þemadagar í maí

15. og 16. maí eru þemadagar í Glerárskóla. Þessa daga er skóli til kl. 12:00 en eftir það er Frístund opin. Allt nánara skipulag kemur þegar nær dregur.



UFA keppni í 4. - 7.bekk grunnskólanna á Akureyri

Dagana 20. - 23. maí komandi verður UFA með keppni í Boganum fyrir 4.- 7. bekk í öllum grunnskólum Akureyrarbæjar. Keppt verður í ýmsum íþróttagreinum en gleði og keppnisskap ráða ríkjum þessa daga. Þó alltaf sé gaman að vinna snýst þátttakan um að vera með, hafa gaman og gleðjast ef vel tekst til. Allar nánari upplýsingar koma síðar.




Viljir þú verða vitur, sestu þá niður og hlustaðu!
Afrískt spakmæli

Bílastæði við Glerárskóla

Nú viljum við rifja upp hvernig við nýtum bílastæði við Glerárskóla.

Gott er að fylgja eftirfarandi:

1. Á sleppisvæðinu er gert ráð fyrir að bílar stöðvi ekki lengi heldur sé það nýtt til að hleypa nemendum út/inn.
2. Þegar leggja þarf í lengri tíma á að nota bílastæðin en leggja ekki þvert fyrir aftan aðra bíla né á eyjum, gangstéttum eða við ruslagáma. Það eru ekki bílastæði.
3. Gott er að nota bílastæði ofan við leikskólann Klappir en þaðan er auðveld leið að





Glerárskóla í gegnum vindanddyri.

4. Akstur inn að skólanum er bannaður nema fyrir fatlaða og vöruflutninga.
5. Aka á inn á bílastæðið við Árholt og út af bílastæði við Klappir.

Reynum okkar besta til að börnin okkar séu örugg við skólann sinn og hjartans þakkir fyrir samvinnuna.

Læsisátak í Glerárskóla

Blásið verður til læsisátaks í Glerárskóla dagana 10. til 24. mars. Í skólanum ætlum við að búa til hvetjandi umhverfi til lestrar þar sem allur skólinn er undir, nemendur og allt starfsfólk skólans. Við nefnum þetta “klukkulestur” og fer þannig fram í stórum dráttum að nemendur fá í hendur klukkuskífu og lita inn á hana þann tíma sem þau lesa og skila klukkunni eftir hverjar 60 mín í lestri og fá aðra. Síðan er hengt upp súlurit á þar til gerðan lestrarvegg skólans á hverjum degi þar sem fram kemur meðaltal lestrar hvers bekkjar, þannig að fjöldi í árgangi skiptir ekki máli. Hvetjum við foreldra til að vera meðvirk í þessu átaki og styðja á allan hátt við sín börn í átakinu.

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerarskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerarskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

